

Skýrsla um innra mat í Öxarfjarðarskóla



Júní 2023
Öxarfjarðarskóli
Norðurþing

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Langtíma- og ársáætlun um innra mat.....	4
Niðurstöður mats Stjórnun, fagleg forysta, foreldrasamstarf	4
Nám og kennsla - Uppeldis- og menntastarf.....	7
Umbótaáætlun skólaársins 2023 -2024.....	11

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á skólaárinu 2022-2023 .

1. Staða gagnvart ytra mati
2. Helstu matsþættir
 - Náms og kennsla og uppeldis- og menntastarf
 - Stjórnun og fagleg forysta – Foreldrasamstarf - Skólabragur
 - Innra mat
 - Sérstaða skólans
3. Umbótaáætlun

Nú í lok skólaársins 2022-2023 er staðan þannig að búið er að endurskoða alla þætti innra mats skólans og setja gæðaviðmið um stjórnun og faglega forystu, nám og kennslu, uppeldis- og menntastarf, skólabrag, foreldrasamstarf og innra mat.

Allar upplýsingar um mat á skólstarfinu er að finna [hér á heimasíðu](#) skólans.

Matsteymi skólans 2022-23 skipuðu:

Elisabeth Hauge deildarstjóri leikskóladeildar í Lundi,

Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri

Christoph Wöll umsjónarkennari á eldra stigi

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson ráðgjafi frá Ásgarði

Skýrsluna vann Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri

Ytra mat

Viðfangsefni [umbóta í kjölfar ytra mats](#) er að bæta stöðuna kerfisbundið.

Markmið Öxarfjarðarskóla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf.

Búið er að skila inn [lokaskýrslu](#) til Menntamálastofnunar varðandi umbætur og hefur Menntamálastofnun [samþykkt](#) að málinu sé lokið af þeirra hálfu.

Langtíma- og ársáætlun um innra mat

Veturinn 2022-2023 fundaði matsteymið að jafnaði einu sinni í mánuði með ráðgjafa frá Ásgarði skólaráðgjöf. Þess á milli var ýmis vinna tengd innra mati framkvæmd s.s. að leggja fyrir kannanir, eiga um niðurstöðurnar samtal og almennt að rýna saman sem og með öllu starfsfólki í gæðastarfs skólans. Hér á heimasíðu er virk [langtímaáætlun](#) innra mats. Ársáætlun innra mats var í þróun en að mestu fylgt eftir. Hún verður uppfærð fyrir skólaárið 2023-2024 en má skoða [hér](#).

Niðurstöður mats

Stjórnun, fagleg forysta, foreldrasamstarf

1. Viðmið Öxarfjarðarskóla
 1. [Norðurþing - Stjórnun og fagleg forysta - Matslistar](#)
 2. [Norðurþing-Stjórnun -gæðaviðmið leikskóla 3. útgáfa-Matslisti](#)
 3. [Norðurþing-Foreldrasamstarf- gæðaviðmið leikskóla 3. útgáfa-Matslistar](#)
 4. Markmið skólans - Að amk 90% þeirra þátta sem metnir eru séu með flesta eða alla þætti sterka. Að skólinn sé fagleg stofnun og stjórnun skilvirk og uppbyggjandi.
2. Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og viðmið voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala. Skólanámskrá var endurskoðuð og þeirri vinnu lauk í júní 2022.
3. **Mat á starfsáætlun skólaársins 2022-2023.**

Samstarf skólanna

Áfram var haldið með samstarf við Grunnskóla Raufarhafnar og komu nemendur þaðan að jafnaði einu sinni í viku með það að markmiði til að efla félagsleg tengsl og vinna saman aðallega í list-og verkgreinum ásamt íþróttum, sundi og tónlist. Tvö stór samstarfsverkefni skólanna voru unnin; annars vegar fuglaverkefni sem einnig var unnið var í byrjun skólaárs í samstarfi við Rif rannsóknarstöð og hins vegar árshátíð skólanna sem haldin var á Raufarhöfn. Fuglaverkefninu í Öxarfjarðarskóla lauk með kynningu fyrir foreldra, samnemendur og starfsfólk skólans. Næsta stóra verkefni var undirbúningur árshátíðar með öllu því sem þarf til að setja saman svo stórt verkefni en í þetta sinn urðu leikverkin tvö; annað fyrir nemendur 1.-5.b og hitt fyrir nemendur 6.-10.bekkjara. Úr varð mikil og flott hátíð með tónlist og söng ásamt litríku sviði og frambærilegum nemendum. Að lokum fóru nemendur unglingsáttunda beggja skóla saman í 4 daga skólaferðalag til Danmerkur sem heppnaðist mjög vel.



Fuglaverkefnið – samstarf við Grunnskóla Raufarhafnar og Rif rannsóknarstöð

Þemaverkefni ofl

Samþætt þemaverkefni eru farin að skipa stærri sess í skólastarfinu og þeim lýkur alltaf á kynningum fyrir samnemendur, starfsfólk og foreldra. Í vetur var haldin kynning fyrir foreldra með yfirskriftinni Vísindakaffi með risaeðluívafi. Yngri deildin hafði verið að fræðast um risaeðlur en eldri deild í efnafræði og tilraunum sem voru sýndar á foreldradeginum. Síðasti stóri viðburðurinn í Öxarfjarðarskóla var Vorgleði skólans sem bar að þessu sinni yfirheitið *Saga Íslands*. Nemendur skipuleggja hátíðina í samstarfi við kennara og foreldra sem aðstoða við matargerð. Á Vorgleði er boðið upp á þriggja rétta máltíð sem nemendur og foreldrar sjá um en nemendur eru alfarið með dagskrána í sínum höndum; veislustjórn, kynningar og tónlistaratriði en einnig er lagt upp úr því að virkja gesti til þátttöku.



Vorgleði skólans 2023

Valgreinar á eldra stigi

Nemendur eldri deildar fengu að velja sér valgrein í Lærissneið Ásgarðs sem gekk upp og ofan þannig að nemendur voru ekki allir sáttir. Það varð til þess að áhugasviðsverkefni nemenda voru tekin upp að eigin ósk eftir áramót í stað valgreinanna hjá Ásgarði.

Starfsþróunarverkefni

Í vetur hófst þriggja ára samstarf við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri – MSHA- í teymiskennslu og teymisvinnu og haldið var áfram á sömu braut og lagt var upp með haustið 2021. Kennarar eru á einu máli um að teymiskennslan sé það fyrirkomulag sem þeim hentar best og telja að bæði nemendur og kennarar fái meira út úr því skipulagi, bæði hvað gæði kennslu varðar og eins með samstarf og samlegð meðal kennara.

Starfsfólk sótti námskeið í Jákvæðum aga á starfsdegi ásamt öðru starfsfólki skólanna í Norðurþingi en stóran hluta hópsins vantar ennþá grunninn í þeirri uppeldisstefnu. Þá vantar jafnframt leiðtoga í Jákvæðum aga sem hjálpar til við skipulagða innleiðingu.

Skólanámskrá var endurskoðuð og er almenni hluti hennar tilbúinn. Ekki gekk að koma námsvísi saman né heldur kennsluáætlunum í eitt og sama formið ásamt formlegu utanumhaldi um námsmat. Ákveðið hefur verið að taka Mentor kerfið í gagnið í Öxarfjarðarskóla frá og með haustinu 2023 þar sem allt utanumhald um kennsluáætlanir og námsmat auk annarra atriða er varða skólastarfið verður á einum stað.



Sameiginleg árs hátíð skólanna haldin á Raufarhöfn haustið 2022

Starfsþróunarsamtöl voru haldin í apríl 2023. Starfsmenn eru ánægðir í starfi en óneitanlega gerði mikið álag vart við sig hjá kennurum sem reka má til langtíma veikinda og einnig til þess að kennarar úr Öxarfjarðarskóla lögðu enn meiri vinnu á sig tengda Grunnskóla Raufarhafnar þegar þeir tóku alfarið við kennslu í þremur fögum þar og keyrðu um tíma einu sinni í viku til Raufarhafnar til að sinna nemendum þar.

Starfsfólk kemur einnig inn á hversu almennu viðhaldi á húsnæði er bæði seint og illa sinnt til margra ára. Til að mynda hefur ekki verið málað innanhúss í mörg ár og verk sem byrjað hefur verið á, er ólokið. Þá hefur skólalóð hefur ekki verið við haldið og lítið þar fyrir eldri nemendur. Til dæmis þarf að koma upp sparkvelli og endurnýja

körfuboltavöll. Starfsaðstæður kennara þarf einnig að bæta s.s rými fyrir teymi þar sem skólastarfið er að þróast í átt að teymisvinnu.

Heimasíða skólans

Ákveðið er að uppfæra heimasíðu skólans fyrir næsta skólaár en hún hefur ekki verið uppfærð í töluvert langan tíma. Með því er vonast til að aðgengi verði betra og notkun almennari en verið hefur.

Starfsmannakönnun:

Að þessu sinni var ákveðið að hafa starfsmannakönnunina í tvennu lagi; annars vegar kennarar og hins vegar aðrir starfsmenn þar sem spurningar voru með mismunandi hætti að því leyti að kennarar voru spurðir út í tengingu við nemendur og teymiskennslu. Hins vegar var grunnur spurninganna sá sami og snerist um líðan og traust á vinnustaðnum.

Hér eru niðurstöður starfsmannakönnunar - almenns starfsfólks - í apríl 2023

https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2022-2023/Innra_mat/almennir_lidan_vor2023.pdf

Hér eru niðurstöður kennarakönnunar í apríl 2023

https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2022-2023/Innra_mat/kennarar_lidan_vor2023.pdf

4. Helstu umbætur næsta skólaárs

1. Áfram verður haldið með í þriggja ára þróunarverkefni í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri í tengslum við teymiskennslu og teymisvinnu.
2. Mentor verður innleitt frá og með hausti 2023 og þar með verða kennsluáætlanir, námsmat og önnur skráning í betra utanumhaldi.
3. Vinna að starfsþróunaráætlun fyrir skólann sem snýr að breyttum starfsháttum er varða teymiskennslu og aukna samþættingu námsgreina, s.s. fleiri þemaverkefni, tækni og útikennslu.
4. Endurskoðun skólanámskrár
5. Leiðsagnarnám / leiðsagnarmat innleitt

Nám og kennsla - Uppeldis- og menntastarf

1. Viðmið Öxarfjarðarskóla
 1. [Norðurþing - Nám og kennsla - Matslistar](#)
 2. [Norðurþing-Uppeldis- og menntastarf-Leikskólastig-3. útgáfa Matslisti](#)
 3. [Norðurþing-Leikskólabragur-Leikskólastig-3. útgáfa Matslisti](#)
2. Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala. Lagðar voru fyrir á haustönn kannanir á námi, kennslu og líðan þar sem bæði nemendur og foreldrar tóku þátt.

Nemendakönnun:

Það helsta sem fram kom í opnum spurningum hjá nemendum er að þeim finnst það besta við skólann vera samnemendur – félagsskapurinn. Nemendum virðist einnig líða almennt vel í skólanum. Ef þeir mættu einhverju breyta vildu flestir í eldri deildinni breyta deildaskipulagi í

það sem áður var; yngri-, mið- og eldri deildir. Sjá nánari niðurstöður könnunarinnar á heimasíðu skólans. Þá var íslenska æskulýðsrannsóknin á vegum Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands lögð fyrir nemendum í 4. – 10. bekkjum Öxarfjarðarskóla í vor og ánægjulegt að sjá hversu vel nemendum líður almennt vel í skólanum í samanburði við jafnaldra á Íslandi.

Niðurstöður könnunar eldri nemenda sem gerð var innan skólans leiðir í ljós að rúmlega 80% nemenda líður vel í skólanum sem er ekki viðunandi. Það sem nemendur eru alla jafna ósáttir með er skipting deilda og vilja eindregið að farið verði í fyrra fyrirkomulag, þ.e. þrjár deildir. Einnig hefur það áhrif að eldri nemendur hafa ekki að neinu að hverfa á skólalóðinni þar sem sparkvöllur er ekki enn kominn upp, körfuboltavöllurinn er mikið skemmdur og körfurnar ónýtar.

Hér eru niðurstöður könnunar nemenda í eldri deild:

https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2022-2023/Innra_mat/nemendakonnun_eldri-deild_desember-2022.pdf

Sama má segja um niðurstöður á líðan barna í yngri deild, rúmlega 80% nemenda segist líða almennt vel í skólanum. Áberandi er þeim finnst þau örugg í skólanum, vita hvert þau eiga að leita, bera traust til kennara sinna og starfsfólks. Hafa þeir í huga að allir nemendur yngri deildar svöruðu þessari könnun, frá 1. – 4. b. og ekki öruggt að allir hafi fyllilega skilið merkingu eða svarmöguleika. Framsetning á könnun fyrir 1.-2. bekk endurskoðuð á næsta ári.

Hér eru niðurstöður könnunar á líðan nemenda í yngri deild:

https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2022-2023/Innra_mat/nemendakonnun-yngri-deildar-jan-2023.pdf

Foreldrakönnun:

Ef lítið er til niðurstaðna foreldrakönnunar eru þeir heilt yfir ánægðir með skólann, starfið og hversu vel er haldið utan um nemendur. Langflestir telja að börnum þeirra líði vel í skólanum og eru ánægðir með teymiskennsluna. Að þeirra mati mætti hlúa betur að umhverfinu en sjá má niðurstöður kannana hér:

Niðurstöður könnunar foreldra yngri deildar nemenda:

https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2022-2023/Innra_mat/foreldrakonnun-yngri-deild-november-2022.pdf

Hér eru niðurstöður könnunar foreldra nemenda í eldri deild:

https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2022-2023/Innra_mat/foreldrakonnun_eldri_november-2022.pdf

Hér eru niðurstöður könnunar foreldra barna í leikskóladeild:

https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2022-2023/Innra_mat/foreldrakonnun_leikskoladeild-november-2022.pdf




Körfuboltavöllurinn þarfnast lagfæringar

Lesfimi

Áhugi á lestri hefur aukist gríðarlega síðustu árin og er það þakka hvatningu og eljusemi kennara sem hafa lagt sig fram um að halda utan um yndislestur og hjálpa nemendum við að finna bækur við hæfi. Nemendur Öxarfjarðarskóla eru allir yfir viðmiðum 1 og nokkrir langt yfir viðmiðum 3 og yfirleitt um og yfir landsmeðaltali og einstaklingslega séð eru þau í framför. Stefna skólans í þessum efnum er að hver og einn nemandi sýni framför, lesi vel og áheyrilega en nái viðeigandi hraða til að ná góðu flæði. Lögð er áhersla á yndislestur, upplestur og heimalestur.

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Öxarfjarðarskóli, maí 2023



Niðurstaða

Nú er öðru ári nýlokið í teymisvinnu og teymiskennslu í Öxarfjarðarskóla og hafa kennarar og skólastjóri notið kennslu og leiðsagnar starfsfólks Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri - MSHA. Það var í raun fyrsta árið af þremur sem námskeiðið tekur. Kennarar eru almennt ánægðir með það fyrirkomulag og myndu ekki vilja snúa til baka í fyrra horf. Þá eru þeir mjög áfram um að nemendur sýni ábyrgð á eigin námi, gæði kennslu og mynda traust tengsl milli nemenda og kennara. Foreldrasamtöl eru meira orðin nemendastýrð þar sem nemendur fara yfir stöðu sína með kennurum og foreldrum og leggja þar mat á frammistöðu sína.

Nýliðið skólaár er annað í röðinni þar sem skólastjóri var í tilraunaverkefni hjá sveitarfélaginu sem yfirmaður tveggja grunnskóla. Það hafði talsverð áhrif á vinnustaðinn þar sem viðvera hans var ekki alla daga í skólanum og þurfti jafnvel að endurskipuleggja skólafárið í Öxarfjarðarskóla með skólafári í Grunnskóla Raufarhafnar í huga. Það gekk yfir höfuð mjög vel þar sem starfsfólk Öxarfjarðarskóla er afar sveigjanlegt og tilbúið að koma til móts við þær áskoranir sem blasa við hverju sinni en því er ekki að neita að veturinn var krefjandi.

Fram kemur í könnunum að hlúa þurfi betur að umhverfinu, þ.e.a.s að nemendur hafi aðgang að afþreyingu í útivist og frímínútum. Sem stendur er einungis róluvöllur fyrir yngri nemendur en brýnt er að bæta úr afþreyingu fyrir eldri nemendur, s.s. laga körfuboltavöll og koma upp sparkvelli – jafnvel setja upp ærslabelg.

Heilt yfir er starfsfólk ánægt á vinnustaðnum og líður alla jafna vel en ýmsir þættir þarfnast endurnýjunar og úrbóta til að fólki líði betur í daglegum störfum, s.s. hljóðvist, aðbúnaður o.fl. en afar lítið viðhald hefur verið í skólanum undanfarin ár.

Mikilvægt er að bæta vörumóttöku fyrir mötuneyti en aðstaðan þar er beinlínis hættuleg yfir vetrartímann. Þá mætti huga betur að umhverfi skólans með reglubundnum garðslætti yfir sumarið þar sem aðkoman hefur ekki alltaf verið til fyrirmyndar og eins starfar leikskólinn fram í júlí.

Talsverð fjölgun hefur verið í leikskóladeild Öxarfjarðarskóla á stuttum tíma eftir að ekki fékkst starfsfólk til að halda starfsemi á leikskóladeildinni á Kópaskeri áfram. Í vetur var 21 barn skráð í leikskólann og fyrirséð fjölgun á næsta ári. Ný forstofa var byggð við leikskólann til að koma til móts við fjölgunina og er hún mikilvæg viðbót. Nýlega var ráðist í stækkun leikskólalóðar þar sem reyndar er strax orðin of lítil miðað við fjölda barna. Góð mönnun er í leikskólanum og stöðugt starfsmannahald þar sem sami kjarni hefur verið í nokkur ár. Hins vegar mun deildarstjóri leikskólans láta af störfum nú í sumar eftir áratuga starf við skólann og var viðkomandi eini fagmenntaði starfsmaðurinn þar.

Deildarnámskrá leikskólastigs var endurskoðuð með áherslu á útfærslu aðalnámskrár, skólastefnu Norðurlþings og námssvið leikskólans. Búið er að gefa hana út og setja á heimasíðu skólans og má sjá hér:

<https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/static/files/2022-2023/deildarnamskra-leikskolastigs-oxarfjardarskoli-2022-2023.pdf>

Umbótaáætlun skólaársins 2023 -2024

- Helstu umbætur næsta skólaárs má sjá [hér](#)



Foreldrar virkir þátttakendur í kynningu hjá nemendum eftir þemavinnu– Vísindakaffi með risaeðluívafi